

Umhverfisstofnun
Ólafur A Jónsson
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. janúar 2012
2011120001/42-0
TB
jgo/tb

Fyrirhugaðar framkvæmdir í Búðafriðlandi

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 29. nóvember 2011, þar sem óskað er eftir umsögn um erindi frá Mandat f.h. eigenda Kinnarlands þar sem óskað er eftir að reisa stórfjölskylduhús á Langatúni, Búðahrauni, og 4-5 hús við hraunjaðar Búðahrauns. Beðist er velvirðingar á því hve lengi hefur dregist að svara erindinu sem stafar af miklum önnum hjá stofnuninni.

Samkvæmt e. lið 4. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Ísland og náttúrustofur skal Náttúrufræðistofnun leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Það er á grundvelli þessarar greinar og hlutverki Náttúrufræðistofnunar skv. náttúruverndarlögum sem þessi umsögn er veitt.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir erindið. Þó það sé ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að fjalla um eignarhald á land eða friðlýsingarferli sem átti sér stað vegna friðlýsingar í Búðahrauni þá virðist eignarhald og friðlýsingarferli vera óljóst (sbr. friðlýsingarmörk o.fl.) samkvæmt innsendum gögnum og auglýsingu nr. 357/1979. Á þetta er bent þar sem að Náttúrufræðistofnun telur það vera eðlilegra að stofnunin gefi umsögn um mál þar sem hún getur gengið að því vísu að ekki sé neinn vafi á framangreindu. Þó eignarhald hafi ekki bein áhrif á verndargildi náttúrunnar og þ.a.l. ekki bein áhrif á faglega umsögn þá verður umsögn stofnunarinnar óneitanlega hluti af því máli sem hér er til umfjöllunar. Náttúrufræðistofnun gefur því þessa umsöng með þeim fyrirvara að stofnunin tekur enga afstöðu til mála er varða eignarhald á landi því sem er til umræðu.

Þau gögn sem hafa borist með erindi Mandat eru um ýmislegt annað óljós en þar er bæði fjallað um stórfjölskylduhús, án þess að það sé skilgreint frekar, og um 4-5 smáhýsi en engin nánari lýsing er á því hvar nákvæmlega þau eiga að vera og því erfitt að gefa umsöng um þau sérstaklega í ljósi þess að mörk friðlandsins eru einnig talin óljós þrátt fyrir að kort í auglýsingu nr. 357/1977 sýni mörkin og vísað er beint í gögn þeim til stuðnings í auglýsingunni.

Í erindinu eru frumdrög að deiliskipulagi lóðar sem kölluð er Langatún. Í skipulagsskilmálum



með drögunum er blandað saman yfirlýsingum vegna friðlýsingaferils Búðahrauns og lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd, eiginlegum skipulagsskilmálum. Í drögum að skipulagsskilmálum er fjallað um smábýli en Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að það hugtak sé í skipulagi síst af öllu um 90 fermetra hús. Frumdrög að deiliskipulagi sýna ekki smáhýsi. Hér er því mjög óljóst um hvað málið fjallar sem skipulag og það tæplega tækt til umsagnar. Er hér átt við frístundahús eða eitthvað annað? Náttúrufræðistofnun getur ekki séð að aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995-2015 heimili frístundahúsabyggð í friðlandinu eða annað umfram það sem þar er nú. Það er því augljóst bæði af aðalskipulagi og að svæðið er friðlýst að ekki er gert ráð fyrir annarri landnotkun á svæðinu umfram það sem nú er.

Friðlýsingarskilmálar friðlands í Búðahrauni eru mjög skýrir en þar segir svo ekki verður misskilið að bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu. Það er því augljóst af friðlýsingunni að bæði er verið að vernda dýralíf, gróður, s.s. sjaldgæfar plöntur eins og ferlaufung sem er friðlýst planta, en ekki síður jarðmyndanir þ.e. hraunið og það landslag sem það mótur. Auk þess sem svæðið er friðlýst þá njóta hraun einnig verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að bygging „stórfjölskylduhúss“ stríði gegn meginmarkmiðum friðlýsingar svæðisins og megin markmiðum laga um náttúruvernd.


Vegna þeirrar spurningar Umhverfisstofnunar hvort bygging stórfjölskylduhúss á Langatúni sé líkleg til að rýra sérstakt gróðurfar svæðisins getur Náttúrufræðistofnun ekki svarað þeirri spurningu nema með vettvangsskoðun og þá með tilliti til þess hvort líklegt sé að einstaka plöntutegundum verði raskað eða eytt. Það er óforsvaranlegt að ætlast til þess að farið sé í hugsanlega framkvæmdir á friðlýstu svæði nema eftir nákvæma skoðun. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að mikilvægt er að eignarhald og önnur réttindi og gildi þeirra kvaða sem eru á svæðinu s.s. friðlýsingin, aðalskipulag og annað, séu frágengin m.a. vegna þess að það getur hlotist kostnaður af skoðun á vettvangi og óeðlilegt að bregðast við öllum fyrirspurnum sem stríða gegn friðlýsingarskilmálum eða ef sá sem til þeirra stofnar hefur ekki rétt til þess.

Miða við þau gögn sem eru í málinu, friðlýsingu svæðisins og verndargildi þess hrauns sem um ræðir, landslags og sérstöðu svæðisins almennt leggst Náttúrufræðistofnun Íslands gegn því að opnað sé fyrir sumarhúsabyggð/frístundahúsabyggð inn á hinu friðlýsta svæði. Lagt er til að slíkar framkvæmdir séu utan friðlýsingarmarka og lagi sig að friðlandinu.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

